



Nefndasvið Alþingis
B.t. efnahags- og viðskiptanefndar
101 Reykjavík
Sent til: nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. nóvember 2018
Tilvísun: 2018110057

Efni: Frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2019

Erindi þetta varðar frumvarp til breytinga á ýmsum lögum vegna fjárlaga 2019 (þingskjal 3 – 3. mál).

Fjármálaeftirlitið vísar til meðfylgjandi bréfs til Fjármála- og efnahagsráðuneytis, dags. 21. mars 2018, þar sem brugðist er við erindi ráðuneytisins og Viðlagatryggingar Íslands (nú Náttúruhamfaratryggingar Íslands (NTÍ)) varðandi eftirlitsgjöld sem lögð eru á NTÍ í samræmi við 5. gr. laga nr. 99/1999 um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Eins og fram kemur í bréfinu er það niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að forsendur séu fyrir því að breyta lögum um að því er varðar eftirlitsgjald NTÍ. Fjármálaeftirlitið telur að þetta eigi við í tilviki NTÍ, einkum á þeim forsendum að lög nr. 99/1999 séu byggð á þeim grunnrökum að samræmi sé á milli eftirlits Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsgjaldsins.

Á grundvelli framangreinds leggur Fjármálaeftirlitið til þá breytingu að við 12. gr. lagafrumvarpsins bætist við ný grein, tölusett 12. gr. a., sem hljóði svo:

Við 1. mgr. 5. gr. laganna bætist nýr töluliður, sem skal vera 13. töluliður og breytast aðrir töluliðir greinarinnar til samræmis við það, sem hljóði svo:

13. Náttúruhamfaratrygging Íslands skal greiða fastagjald sem nemur 1.200.000 kr.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins eru reiðubúnir að koma á fund efnahags- og viðskiptanefndar og fara nánar yfir efni ofangreindrar breytingartillögu.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Anna Mjöll Karlsdóttir

Sigurður Guðmundsson